

Athugasemdir við tillögu að breyttu deiliskipulagi Norðurhafnar

Ágæta skipulags- og framkvæmdaráð,

Mig langar að koma á framfæri mótmælum við tillögu um breytingar á deiliskipulagi Norðurhafnar eins og þær voru kynntar á íbúafundi síðastliðið haust þar sem gert er ráð fyrir hugsanlegri starfsemi Íslandsþara. Mér finnst afar einkennilegt að verið sé að hugsa um að auka uppbyggingu iðnaðar við hafnarsvæðið, sem að mörgu leyti er hjarta bæjarins með ýmis konar starfsemi og þjónustu. Margt af þeirri þjónustu snýr að ferðamennsku og sé ég ekki hvernig aukin ferðamennska, t.d. með aukningu í komum skemmtiferðaskipa, getur haldist í hendur við frekari iðnað á hafnarsvæðinu. Auknum iðnaði, í líkingu við Íslandsþara, fylgir væntanlega tilheyrandi umferð þungaflutninga á þurru landi sem og skipa á sjó (innan Norðurgarðs?). Þetta stingur allt saman í stúf þegar búið er að ákvarða iðnaðarsvæði á Bakka með veltengingu við Bökugarð. Hví ekki að fókusa á það svæði fremur en að troða niður hvers kyns verksmiðjum út um allar trissur?

Það sem mér finnst veikja þetta enn fremur er að hér er verið að tala um breytingu á deiliskipulagi í þeirri von að fyrirtæki, sem aðeins hefur fengið rannsóknarleyfi til 5 ára, fari í miklar og kostnaðarsamar framkvæmdir þegar það er engan veginn tryggt að það fái frekari leyfi til nýtingu stórþara að þessum 5 rannsóknarárum liðnum. Það ætti að vera háð niðurstöðum rannsókna um hvort nýtingin verði sjálfbær eða ekki og hvaða áhrif hún hefur á flókin samfélög lífvera í þaraskógum. Fram að þessu hefur lítið sem ekkert komið fram um það hvernig rannsóknum hefur verið háttað og hverjar niðurstöður eru. Þetta er veigamikill þáttur sem tengist nýtingu stórþara en þáttur sem virðist ekki skipta máli í hugum margra. Að stjórnumerkja umfangsmikið svæði við höfnina, ef svo má að orði komast, handa einu tilteknu fyrirtæki þar sem virðist ríkja mikil óvissa um langtímaþvinnslu er ansi veik ákvörðun.

Í ljósi þessa tel ég mikilvægt að hér sé stigið varlega til jarðar og að lítið sé langt til framtíðar með uppbyggingu við Húsavíkurböfn í huga. Sátt við umhverfið og aðra starfsemi í næsta nágrenni ætti að vera efst á baugi. Eða er það kannski vilji sveitastjórnar að hjarta bæjarins breytist hægt en örugglega í iðnaðarhverfi?

Virðingarfyllt,

Yann Kolbeinsson